



Reykjavík, 28. janúar, 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Biskupsstofa
Laugavegi 31
150 Reykjavík

**Efni: umsögn um frumvarp til laga um eflingu félagslegs forvarnarstarfs.
Þskj. 40 – 40. mál**

Biskupsstofa hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um eflingu félagslegs forvarnarstarfs þskj. 40 – 40. mál. Hér er mikilvægt frumvarp að ræða og átakið mjög þarft og gott. Hvort tveggja myndi úttektin á barna- og æskulýðsstarfi og auknar fjárveitingar til barna- og æskulýðsstarfs sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu verða æskulýðsstarfi mikil lyftistöng og bæta félagslegt forvarnarstarf.

Tekið er undir varðandi mikilvægi góðs samstarfs milli allra sem sinna áfengis- og vímuvarnarmálum. Miklir möguleikar felast í auknu samráði milli aðila sem sinna barna- og æskulýðsstarfi.

Í greinargerðinni með frumvarpinu er lítið fjallað um það fólk sem leiðir barna- og æskulýðsstarf. Það er ekki einungis mikilvægt að boðið sé upp á fjölbreytt og gott starf með börnum og unglíngum, með skýrum markmiðum og skipulagi. Einna mikilvægast í starfi með börnum og unglíngum er hæft og gott starfsfólk. Aðeins þannig er hægt að bjóða upp á “vímulaust, verndað umhverfi sem foreldrar geta treyst” og það sé að finna á fleiri stöðum en í félagsmiðstöðvum. Í umfjöllun og úttekt á barna- og æskulýðsstarfi þarf að taka tillit til hins fjölbreytta hóps sem starfar með börnum og unglíngum, þ.e. sjálfboðaliðar, fólk í aukastarfi, menntað og ómenntað starfsfólk o.fl. Mikilvægt er að stuðla að aukinni menntun þeirra, en það eitt myndi efla stórlega félagslegt forvarnarstarf. Í því efni er vert að benda á fyrirmynd frá Þýskalandi sem nefnist “Jugendgruppenleiterausweis”, en það er skírteini sem gefið er út samkvæmt fyrirmælum menntamálaráðuneytsins fyrir þá sem hafa lokið 40 stunda grunnskólaskóla fyrir leiðtoga. Þannig eru lágmarksgæði félagsstarfs tryggð frá þeirra hendi.

Athugasemdir við frumvarpið

Í frumvarpinu er hugtakið félagslegt forvarnarstarf notað, því til skýringar er talin upp starfsemi hjá ýmsum stofnunum og félagasamtökum. Nánari skýring á hugtakinu væri þörf. Væntanlega er átt við í frumvarpinu það starf sem félagasamtök, stofnanir og bæjaryfirvöld standa fyrir í tómsundum barna og unglínga.

Virðingarfyllst,

Stefán Már Gunnlaugsson,
fræðslufulltrúi Biskupsstofu